

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 55/2010

frá 30. apríl 2010

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfis mál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 27/2010 frá 12. mars 2010 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/2/EB frá 14. mars 2007 um að koma á grunnvirki fyrir staðtengdar upplýsingar í Evrópubandalaginu (INSPIRE) ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 1i (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/35/EB) í XX. viðauka við samninginn:

„1j. **32007 L 0002**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/2/EB frá 14. mars 2007 um að koma á grunnvirki fyrir staðtengdar upplýsingar í Evrópubandalaginu (INSPIRE) (Stjtið. ESB L 108, 25.4.2007, bls. 1).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Að því er EFTA-ríkin varðar skal lesa ákvæði um tímamörk í stafl. a) og b) í 6. gr. og 3. mgr. 7. gr. þannig að talið sé frá gildistöku þeirra ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar sem hafa að geyma ákvæði um að fella inn í EES-samninginn framkvæmdarreglurnar sem um getur í þessum greinum.
- b) Að því er EFTA-ríkin varðar skal lesa ákvæði um tímamörk í 2. og 3. mgr. 21. gr. og 1. mgr. 24. gr., en samkvæmt þeim skal talið frá gildistöku tilskipunarinnar, þannig að talið sé frá gildistöku ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 55/2010 frá 30. apríl 2010 sem hefur að geyma ákvæði um að fella þessa tilskipun inn í EES-samninginn.“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 143, 10.6.2010, bls. 20, og EES-viðbætur nr. 30, 10.6.2010, bls. 26.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 108, 25.4.2007, bls. 1.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2007/2/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. maí 2010, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. apríl 2010.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
A. Seatter
formaður.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.